

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 99/2022

2022/EES/61/11

frá 29. apríl 2022

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2047 frá 23. nóvember 2021 um leyfi fyrir amprólíumhýdróklóríði (COXAM) sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphætur (leyfishafi er HuvePharma NV) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2050 frá 24. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* CECT 5940 sem fóðuruakefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukategundir alifugla til eldis eða til undaneldis og skrautfugla (þó ekki til undaneldis) (leyfishafi er Evonik Operations GmbH) <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjttð. ESB L 450, 16.12.2021, bls. 156.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2077 frá 26. nóvember 2021 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.366, sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2093 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir dínatríum-5'-gúanýlati sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2096 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, sem fóðuruakefni fyrir allar tegundir alifugla, eldisvín, spenagrísi og allar aukategundir svína (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Genencor International B.V.) <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2097 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru sem fóðuruakefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til að verða varphætur (leyfishafi er Novus Europe N.A./S.V.) <sup>(6)</sup>.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 418, 24.11.2021, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjttð. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjttð. ESB L 426, 29.11.2021, bls. 5.

<sup>(4)</sup> Stjttð. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 169.

<sup>(5)</sup> Stjttð. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 187.

<sup>(6)</sup> Stjttð. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 190.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 426. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1426) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „427. **32021 R 2047**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2047 frá 23. nóvember 2021 um leyfi fyrir ampróluhýdróklóríði (COXAM) sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphætur (leyfishafi er HuvePharma NV) (Stjtið. ESB L 418, 24.11. 2021, bls. 13).
428. **32021 R 2050**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2050 frá 24. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* CECT 5940 sem fóðurukefni fyrir eldiskalkúna, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, aukategundir alifugla til eldis eða til undaneldis og skrautfugla (þó ekki til undaneldis) (leyfishafi er Evonik Operations GmbH), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið ESB L 450, 16.12.2021, bls. 156 (Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 16).
429. **32021 R 2077**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2077 frá 26. nóvember 2021 um leyfi fyrir L-valíni, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* CGMCC 7.366, sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 426, 29.11.2021, bls. 5).
430. **32021 R 2093**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2093 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir dínatríum-5'-gúanýlati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 169).
431. **32021 R 2096**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2096 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* CBS 143953, sem fóðurukefni fyrir allar tegundir alifugla, eldisvín, spenagrísi og allar aukategundir svína (leyfishafi er Danisco (UK) Ltd, fulltrúi hans hjá Sambandinu er Genencor International B.V.) (Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 187).
432. **32021 R 2097**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2097 frá 29. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með bensósýru, kalsíumformati og fúmarsýru sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphætur (leyfishafi er Novus Europe N.A./S.V.) (Stjtið. ESB L 427, 30.11.2021, bls. 190).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/2047, (ESB) 2021/2050, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 450, 16.12.2021, bls. 156, (ESB) 2021/2077, (ESB) 2021/2093, (ESB) 2021/2096 og (ESB) 2021/2097 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.